



ÁFANGASKÝRSLA II

UM ÚTFÆRSLU EINSTAKRA SAMSTARFSVERKEFNA ÁSAHREPPS OG RANGÁRÞINGS YTRA

Yfirlit viðræðunefndar Ásahrepps og Rangárþings ytra kynnt fyrir sveitarstjórnnum beggja sveitarfélaga á sameiginlegum fundi þeirra þann 1. desember 2015.



ÁFANGASKÝRSLA II UM ÚTFÆRSLU EINSTAKRA SAMSTARFSVERKEFNA ÁSAHREPPS OG RANGÁRÞINGS YTRA

Yfirlit viðræðunefndar Ásahrepps og Rangárþings ytra kynnt fyrir sveitarstjórnnum beggja sveitarfélaga á sameiginlegum fundi þeirra þann 1. desember 2015.

Inngangur

Í skýrslu þessari eru dregin saman helstu þættir úr starfi viðræðunefndar Ásahrepps og Rangárþings ytra frá 9. apríl 2015 þegar nefndin skilaði af sér Áfangaskýrslu I til samráðsnefndar sveitarfélaganna.

Eftirtalin hafa starfað í viðræðunefndinni og standa sameiginlega að þessari áfangaskýrslu: Þorgils Torfi Jónsson oddviti Rangárþings ytra, Egill Sigurðsson oddviti Ásahrepps, Yngvi Karl Jónsson sveitarstjórnarmaður Rangárþingi ytra, Nanna Jónsdóttir sveitarstjóri Ásahrepps og Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri Rangárþings ytra.

Eins og segir í samþykkt frá samráðsfundi sveitarstjórnanna þann 11. desember 2014 þá er tilgangur þessara viðræðna heildarendurskoðun á öllu samstarfi sveitarfélaganna tveggja með það fyrir augum að meta árangur og gera samstarf skýrara og árangursríkara. Enn fremur að greina hvort færi séu til að efla og auka samstarfið enn frekar báðum aðilum til hagsbóta. Eins og greint er frá í Áfangaskýrslu I þá þarf skv. sveitarstjórnarlögum að ákveða hvort ákveðin samstarfsverkefni skuli unnin undir forystu eins sveitarfélags eða hvort um það skuli stofnað byggðasamlag.

Niðurstöður nefndarinnar liggja nú fyrir og er greint frá þeim í skýrslu þessari. Jafnframt fylgja skýrslunni öll skjöl samstarfsins sem nú hafa verið endurskoðuð eða samin frá grunni.

Það er samdóma álit okkar sem starfað höfum saman að þessu verkefni að nefndarstarfið hafi gengið vel. Nefndin hefur á fundum sínum rætt nokkrar leiðir til að útfæra samstarf sveitarfélaganna. Þannig hafa þau samstarfsverkefni sem rekin hafa verið í byggðasamlögum eins og vatnsveitumál og umsjón með sameiginlegum fasteignum verið tekin til endurskoðunar og uppfærslu. Jafnframt hafa allir þjónustusamningar verið endurskoðaðir og endurmetnir. Verulegur tími viðræðunefndarinnar hefur farið í að ræða fyrirkomulag fræðslumála. Meðal annars hefur verið skoðað að



annað sveitarfélaganna verði leiðandi sveitarfélag í viðkomandi málaflokkum og eins hefur verið rædd sú hugmynd að Menningarmiðstöðin Laugalandi, þ.m.t. grunn- og leikskóli, yrði rekin sem sérstakt byggðasamlag. Einnig hefur verið lögð vinna í endurskoðun samþykktu fyrir Lund hjúkrunarheimili.

Fljótlega í vinnuferlinu var ákveðið að greina sérstaklega þann kost sem gengur lengst þannig að allir fjórir skólar sveitarfélaganna yrðu reknir sem deildir í einu byggðasamlagi „Oddi bs“.

Við teljum að tillögur nefndarinnar hafi fengið mikla umræðu og séu lagðar fram að vel athuguðu máli.

Fundir viðræðunefndar

Á þessu síðara starfstímabili hefur viðræðunefndin hittst á 14 fundum auk þess sem nefndarmenn hafa unnið í verkefnum milli funda. Viðræðunefndin hefur því hittst á alls 25 formlegum fundum. Fundargerðirnar fylgja með skýrslunni sem viðauki III. Með nefndinni hefur starfað Reynir Daníel Gunnarsson ráðgjafi og fyrrv. skólastjóri Ölduselsskóla í Reykjavík. Samstarf við hann hefur gengið afburðavel og mikill fengur að fá hann til verksins. Nefndin vill þakka honum sérstaklega fyrir hans mikilvæga framlag til þessa verks.

Viðræðunefndin hefur í samstarfi við verkefnisstjóra, starfsmenn sveitarfélaganna, endurskoðendur sveitarfélaganna og lögfræðinga uppfært stofnaskjöl um tvö byggðasamlög í eigu sveitarfélaganna og samið tillögur að slíkum samþykktum fyrir eitt til viðbótar sem fylgja í viðauka II. Þá hefur viðræðunefndin einnig unnið tillögur að nýjum samningum og breytingum á eldri samningum sem fylgja sömuleiðis í viðauka II.

Kynning á vinnu viðræðunefndar og tillögum

Viðræðunefndin hefur staðið fyrir íbúafundum á árinu til að kynna vinnu sína. Tveir sameiginlegir íbúafundir fyrir Ásahrepp og Rangárþing ytra voru haldnir 9. maí á Laugalandi og 31. október í Menningarhúsinu á Hellu. Þá voru haldnir kynningarfundir með starfsfólki og stjórnnum þeirra stofnana sem breytingarnar snerta með beinum hætti. Þannig var fundað með starfsfólki allra skóla þann 6. október. Þá hefur vinna viðræðunefndarinnar verið kynnt jafnóðum á fundum samráðsnefndar sveitarfélaganna sem hittst hefur á 8 fundum frá því vinna við endurskoðun samninga sveitarfélaganna hófst þann 11. desember 2014.

Tillögur að endurskoðuðum samþykktum fyrir Húsakynni bs og Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs voru lagðar fram til fyrri umræðu á fundum



sveitarstjórna samstarfssveitarfélaganna þann 11. nóvember og vísað þar til umfjöllunar og afgreiðslu á auka-aðalfundum viðkomandi byggðasamlaga. Auka-aðalfundir byggðarsamlaganna voru haldnir 23. nóvember hvar endurskoðaðar samþykktir voru afgreiddar og staðfestar samhljóða. Endurskoðaðar samþykktir munu síðan verða lagðar fyrir sveitarstjórnir til seinni umræðu þann 9. desember n.k. Á fundum sveitarstjórna þann 11. nóvember voru einnig lagaðar fram tillögur að Rammasamkomulagi og samþykktum fyrir Odda bs. Sveitarstjórnir vísuðu tillögunum þar til seinni umræðu.

Rammasamkomulag

Fyrir liggur tillaga að rammasamkomulagi (viðauki I) fyrir samstarfið í heild sinni. Samkomulagið tekur til allra tvíhliða samstarfsverkefna sveitarfélaganna og verkefna þar sem ríkið er þriðji aðili. Tilgangur samkomulagsins er að skapa skýran ramma um samstarfið, auðvelda stjórnun verkefna og ákvarðanatöku og búa samstarfsverkefnum traustan og hagfelldan grunn. Í rammasamkomulaginu er yfirlit um verkefni og inntak þeirra. Einnig er þar tiltekið að samstarfsnefnd sveitarfélaganna fari með stjórnun og eftirlit með samningnum. Þá kveður samkomulagið á um að haldinn skuli árlega sérstakur samráðsdagur þar sem aðalfundir/ársfundir allra verkefna innan samkomulagsins eru haldnir og birt er sameiginleg ársskýrsla um samstarfið. Þennan samráðsdag skal halda í maímánuði og er hann opinn öllum íbúum sveitarfélaganna.

Stofnskjöl og samningar

Fyrir liggja tillögur að uppfærðum samþykktum um tvö byggðasamlög í eigu sveitarfélaganna og tillaga að samþykktum fyrir eitt til viðbótar. Auk þess liggja fyrir tillögur um endurskoðaðar og uppfærðar samþykktir fyrir Lund hjúkrunarheimili. Þá liggja fyrir tillögur að þjónustusamningum milli sveitarfélaganna og stofnana þeirra um margvísleg verkefni. Í þjónustusamningum er öll þjónusta sem sveitarfélögin veita hvort öðru skilgreind og greiðslur fyrir hana útfærðar. Þannig er öll kostnaðarskipting verkefnisins ljós og unnt að gera nákvæma grein fyrir öllu fjárhagslegu uppgjöri sveitarfélaganna árlega m.a. á ársfundi samstarfsins í maí.

Niðurstaða

Viðræðunefndin leggur tillögur sínar hér með fram til afgreiðslu í sveitarstjórnnum Rangárþings ytra og Ásahrepps.



Listi yfir viðauka með fylgiskjöllum

- Viðauki I: Rammasamkomulag - tillaga
- Viðauki II: Samþykktir og samningar - tillögur
 1. Samþykktir fyrir Húsakynni bs
 2. Samþykktir fyrir Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps bs
 3. Samþykktir fyrir Odda bs
 4. Þjónustusamningur milli skrifstofu Rangárbings ytra og Ásahrepps
 5. Þjónustusamningur milli Húsakynna bs og Rangárbings ytra
 6. Þjónustusamningur milli Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps bs og Rangárbings ytra
 7. Þjónustusamningur milli Odda bs og Rangárbings ytra
 8. Þjónustusamningur milli Hjúkrunarheimilisins Lundar og Rangárbings ytra
 9. Samstarfssamningur um fjarskiptainviði milli Rangárbings ytra og Ásahrepps
 10. Samningur um Menningarhús á Hellu
- Viðauki III: Fundargerðir og kostnaðarútreikningar
 - Fundargerðir Samráðsnefndar 1-8
 - Fundargerðir Viðræðunefndar 1-25
 - Verðlagning þjónustu
 - Oddi kostnaðarskipting



VIÐAUKI III.2



Áfangaskýrsla II – Viðræðunefnd Ásahrepps og Rangárþings ytra - 27.11.2015

Yfirlesið af Sesselju Árnadóttur og Auðuni Guðjónssyni, kynnt á íbúafundi 31.10 og fjallað um í Samráðsnefnd 4.11 og lagt fram til fyrri umræðu í sveitarstjórnnum 11.11. Lokaskjal lagt fram á fundi samráðsnefndar 1.12.2015 – tilbúið til seinni umræðu í sveitarstjórnnum 9.12.2015

RAMMASAMKOMULAG UM SAMSTARF SVEITARFÉLAGANNA ÁSAHREPPS OG RANGÁRÞINGS YTRA

Aðilar

Aðilar að samkomulagi þessu eru sveitarfélögin Ásahreppur, kt. 430169-0339, Laugalandi 851 Hella og Rangárþing ytra, kt. 520602-3050, Suðurlandsvegi 1, 850 Hella.

Markmið

Samkomulagið tekur til allra tvíhliða samstarfsverkefna sveitarfélaganna og verkefna þar sem ríkið er þriðji aðili. Tilgangur samkomulagsins er að skapa skýran ramma um samstarfið, auðvelda stjórnun verkefna og ákvarðanatöku og búa samstarfsverkefnum traustan og hagfelldan grunn. Markmiðið er að veita íbúum beggja sveitarfélaga eins góða þjónustu og frekast er unnt miðað við þá fjármuni sem veitt er í viðkomandi málaflokka.

Verkefni

Samstarfsverkefni Rangárþings ytra og Ásahrepps eru rekin innan vel skilgreindra byggðasamlaga, með þjónustusamningum eða samstarfssamningum eftir því sem hentar best í hverju tilviki og þannig að umgjörð og verklag við rekstur verkefnanna uppfylli lagaskilyrði um samstarf sveitarfélaga sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um samvinnu sveitarfélaga og samninga um starfrækslu verkefna.

Eftirtalin byggðasamlög eru starfrækt:

Húsakynni bs.

Byggðasamlag um allar sameiginlegar fasteignir sveitarfélaganna.

Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.

Byggðasamlag um eignir og rekstur sameiginlegrar vatnsveitu sveitarfélaganna.

Oddi bs.

Deildaskipt byggðasamlag um rekstur leik- og grunnskóla sveitarfélaganna, þ.e. Leikskólann Laugalandi, Heklukot Hellu, Laugalandsskóla og Grunnskólann Hellu.

Byggðasamlögin starfa öll eftir staðfestum samþykktum (sjá viðhengi 1-3) eins og lög gera ráð fyrir og uppfylla lagaákvæði um byggðasamlög sbr. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.



Eftirtaldir þjónustusamningar (sjá viðhengi 4-8) eru í gildi:

Þjónustusamningur milli Rangárbings ytra og Ásahrepps

Rekstur frístunda- og sumarverkefna barna og unglunga og félagsmiðstöð.

Rekstur gámaplans og umsjón með snjómokstri. Umsjón og rekstur sameiginlegra íþróttamannvirkja. Umsjón með fasteignagjöldum, sameiginlegum mannvirkjum og landi og fjallskilamálum á Holtamannaafretti.

Þjónustusamningur milli Húsakynna bs. og Rangárbings ytra

Bókhald og fjármálaumsýsla, fasteignausjón, rekstur og umsjón með verklegum framkvæmdum.

Þjónustusamningur milli Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps bs. og Rangárbings ytra

Fasteignausjón, rekstur og umsjón með verklegum framkvæmdum.

Þjónustusamningur milli Odda bs. og Rangárbings ytra

Fasteignausjón, rekstur og umsjón með verklegum framkvæmdum.

Þjónustusamningur milli Hjúkrunarheimilisins Lundar og Rangárbings ytra

Tímabundinn samningur um eftirlit með byggingaframkvæmdum á viðbyggingu.

Eftirtaldir samstarfssamningar (sjá viðhengi 9-10) eru í gildi:

Samstarfssamningur um fjarskiptainnviði milli Rangárbings ytra og Ásahrepps

Samstarf um uppbyggingu ljósleiðarakerfis.

Samningur um Menningarhús á Hellu

Sameiginlegur samningur sveitarfélaganna við sóknarnefnd Oddakirkju um nýtingu hússins og rekstrarstyrk.

Að auki koma sveitarfélögin sameiginlega að rekstri Lundar, dvalar- og hjúkrunarheimilis ásamt ríkinu. Rekstrarformi þeirrar stofnunar verður ekki breytt að svo stöddu, enda ber ríkið lögum samkvæmt meginábyrgð á fjármögnun rekstrarins. Rekstrarformið verður tekið til skoðunar þegar frekari upplýsingar liggja fyrir um fyrirhugaðan flutning ábyrgðar á þjónustu við aldraða frá ríki til sveitarfélaga.

Stjórnun og eftirlit

Samstarfsnefnd sveitarfélaganna er samsett úr fullskipuðum sveitarstjórnnum beggja sveitarfélaganna.

Samstarfsnefndin fer með stjórnun samstarfsverkefna sveitarfélaganna nema kveðið sé á um annars konar fyrirkomulag stjórnunar í byggðasamlögum,



Áfangaskýrsla II – Viðræðunefnd Ásahrepps og Rangárbings ytra - 27.11.2015

þjónustusamningum eða samstarfssamningum. Jafnframt skal samstarfsnefndin hafa eftirlit með framkvæmd samnings þessa.

Samstarfsnefndin hittist á fundum eins oft og þurfa þykir og skal undirbúa sérstakan samráðsdag einu sinni á ári þar sem aðalfundir/ársfundir allra verkefna innan rammans eru haldnir. Þennan samráðsdag skal halda í maímánuði og er hann opinn öllum íbúum sveitarfélaganna. Samstarfsnefndin skal skila sameiginlegri ársskýrslu til beggja sveitarstjórna og skulu sveitarstjórar beggja sveitarfélaganna annast undirbúning hennar.

Gildistími og uppsagnarákvæði

Samkomulagið tekur gildi þegar það hefur hlotið samþykki beggja sveitarstjórnanna og gildir ótímabundið, en er uppsegjanlegt með 6 mánaða fyrirvara. Hvort sveitarfélag um sig getur óskað eftir því á fyrsta starfsári nýrrar sveitarstjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum að samkomulagið sé tekið til endurskoðunar. Skal þá skipuð sérstök viðræðunefnd sveitarfélaganna til að yfirfara samstarfið og gera tillögur um breytingar.

„Réttarnesi“ 11. desember 2015

Sveitarstjórn Ásahrepps

Sveitarstjórn Rangárbings ytra



Listi yfir viðhengi með Rammasamkomulagi

1. Samþykktir fyrir Húsakynni bs.
2. Samþykktir fyrir Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.
3. Samþykktir fyrir Odda bs.
4. Þjónustusamningur milli Rangárþings ytra og Ásahrepps
5. Þjónustusamningur milli Húsakynna bs. og Rangárþings ytra.
6. Þjónustusamningur milli Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. og Rangárþings ytra.
7. Þjónustusamningur milli Odda bs. og Rangárþings ytra.
8. Þjónustusamningur milli Hjúkrunarheimilisins Lundar og Rangárþings ytra.
9. Samstarfssamningur um fjarskiptainnviði milli Rangárþings ytra og Ásahrepps
10. Samningur um Menningarhús á Hellu



VIÐAUKI II.1



SAMÞYKKTIR

fyrir byggðasamlagið Húsakynni bs.

1. gr.

Byggðasamlagið

Sveitarfélögin Rangárþing ytra og Ásahreppur og forverar þeirra hafa frá 17. nóvember 1999 átt aðild að byggðasamlagi um rekstur fasteigna sem nýttar hafa verið til sameiginlegra verkefna sveitarfélaganna sem heitir Húsakynni bs. Heimili og varnarþing byggðasamlagsins er í Rangárþingi ytra.

2. gr.

Ábyrgð og eignarhluti

Sveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda. Eignarhluti hvors sveitarfélags í byggðasamlaginu miðast við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert.

3. gr.

Verkefni

Aðildarsveitarfélögin fela byggðasamlaginu að annast rekstur, viðhald og útleigu fasteigna sem sveitarfélögin eiga að fullu eða með ríkinu, og nýttar eru til sameiginlegra verkefna sveitarfélaganna.

Listi yfir fasteignir sem byggðasamlagið annast rekstur á er í fylgiskjali 1 með samþykktum þessum, ásamt upplýsingum um eignarhald þeirra.

Jafnframt annast byggðasamlagið rekstur, viðhald og útleigu fasteigna sem eru í eigu byggðasamlagsins og hefur byggðasamlagið heimild til að selja þær fasteignir berist viðunandi tilboð í þær að mati stjórnar byggðasamlagsins. Ennfremur annast byggðasamlagið önnur verkefni sem sveitarstjórnir eru sammála um að fela því.

4. gr.

Skipan stjórnar

Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð þremur aðalmönnum, tveimur frá Rangárþingi ytra og einum frá Ásahreppi, og skulu þeir kjörnir úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórnunum.

Jafnframt skulu skipaðir þrír varamenn úr hópi aðal- eða varamanna í sveitarstjórn.

Stjórnarmenn skulu kosnir af sveitarstjórnnum í upphafi hvers kjörtímabils og skal kjörtímabil stjórnarinnar vera hið sama og sveitarstjórnanna. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Sveitarstjórar beggja sveitarfélaganna eiga rétt til setu á fundum stjórnar byggðasamlagsins með málfrelsi og tillögurétt. Sveitarstjóri annars hvors sveitarfélagsins fer með framkvæmdastjórn byggðasamlagsins og tekur stjórnin ákvörðun um það í upphafi kjörtímabils hennar. Stjórninni er þó heimilt að ráða annan sem framkvæmdastjóra byggðasamlagsins með samþykki sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna.

5. gr.

Stjórnarfundir

Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef löglega hefur verið til hans boðað og meirihluti kjörinna stjórnarmanna er mættur til fundar. Við afgreiðslu mála skulu stjórnarmenn leggja sig fram um að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Ef til atkvæðagreiðslu kemur og atkvæði falla



jöfn þá gildir sú regla að atkvæði formanns sker úr. Á það við um hefðbundin viðfangsefni stjórnar og að öllu jöfnu, en óski stjórnarmaður eftir þá ber að vísa viðkomandi úrlausnarefni til sveitarstjórna beggja sveitarfélaganna til umræðu milli stjórnarfunda.

Stjórnin heldur að jafnaði 3-6 fundi á ári. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Fundarboð skal berast stjórnarmönnum og áheyrnarfulltrúum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Boðun funda skal fara fram með rafrænni tilkynningu á netfang fundarmanna. Fundargögn skulu gerð aðgengileg með rafrænum hætti. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem nauðsynleg eru til að fundarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

Hver stjórnarmaður getur krafist aukafundar. Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur sólarhringum eftir að ósk þar um berst formanni stjórnar. Fundarboð vegna aukafundar skal sent svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund.

Aðalmenn bera ábyrgð á boðun varamanna. Stjórnarfundir skulu skráðir og afrit af fundargerðum send sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna.

6. gr.

Fjármál

Allar ákvarðanir stjórnar byggðasamlagsins sem skuldbinda sveitarfélögin skulu hljóta samþykki beggja sveitarstjórna áður en þær taka gildi. Stjórnin getur því ekki skuldbundið aðildarsveitarfélögin umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins sem samþykkt er af báðum sveitarstjórnnum.

Stjórninni ber að skila drögum að fjárhagsáætlun næsta árs til aðildarsveitarfélaganna eigi síðar en 15. október ár hvert þar sem gerð er grein fyrir fjárþörf byggðasamlagsins vegna komandi árs. Með drögum að fjárhagsáætlun skulu jafnframt fylgja drög að gjaldskrá byggðasamlagsins sem samþykkt skal af báðum sveitarstjórnnum.

Tekjur byggðasamlagsins eru framlög sveitarfélaganna eins og þau eru tilgreind í samþykktari fjárhagsáætlun og leigugreiðslur samkvæmt gjaldskrá eða samningum.

Stjórnin skal fylgjast með að rekstur byggðasamlagsins sé innan fjárheimilda og bregðast við ef út af ber.

Stjórninni er heimilt að semja við aðildarsveitarfélag um þjónustu við byggðasamlagið, s.s. fjármálalega umsýslu.

Stjórnin staðfestir ársreikninga byggðasamlagsins fyrir ár hvert og miðast reikningsárið við almanaksárið. Reikningar byggðasamlagsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn þess ræður til starfsins með samþykki sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Vinna skal ársreikninga í samræmi við ákvæði laga um bókhald og ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur, skv. 59. gr. laga nr. 138/2011.

Senda skal fullgerðan ársreikning, staðfestan af stjórn byggðasamlagsins og áritaðan af endurskoðanda til beggja aðildarsveitarfélaga fyrir 15. apríl ár hvert.

7. gr.

Endurskoðun samþykktar og slit byggðasamlagsins

Samþykktir þessar skulu endurskoðaðar verði breytingar á verkefnum sem byggðasamlagið skal sinna. Breytingar á samþykktum byggðasamlagsins þarfnast samþykkis sveitarstjórna beggja aðildarsveitarfélaganna á lögmeðum sveitarstjórnarfundi.

Hvort sveitarfélag getur sagt upp aðild að byggðasamlaginu með tveggja ára fyrirvara miðað við áramót. Um úrsögn sveitarfélags úr byggðasamlaginu eða slit þess fer að öðru leyti eftir 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.



Áfangaskýrsla II – Viðræðunefnd Ásahrepps og Rangárbings ytra - 27.11.2015

8. gr.
Gildistaka

Samþykktir þessar öðlast gildi við staðfestingu innanríkisráðuneytisins. Falla þá jafnframt úr gildi samþykktir fyrir Húsakynni bs. frá 27. mars 2008. Núverandi stjórn heldur umboði sínu til loka yfirstandandi kjörtímabils.

Laugalandi/Hellu dagsetning

Undirskrift sveitarstjórnar Ásahrepps

Undirskrift sveitarstjórnar Rangárbings ytra.

Staðfesting innanríkisráðuneytisins



VIÐAUKI II.2



SAMÞYKKTIR

fyrir byggðasamlagið Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.

1. gr.

Byggðasamlagið

Sveitarfélögin Rangárþing ytra og Ásahreppur hafa frá 1. janúar 2006 átt aðild að byggðasamlagi um rekstur sameiginlegra vatnsveitu sem heitir Vatnsveita Rangárþing ytra og Ásahrepps bs. Heimili og varnarþing byggðasamlagsins er í Rangárþingi ytra.

2. gr.

Ábyrgð og eignarhluti

Sveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda. Eignarhluti hvors sveitarfélags er þannig að Rangárþing ytra á 81,76% og Ásahreppur 18,24%.

3. gr.

Verkefni

Aðildarsveitarfélögin fela byggðasamlaginu skipulag og framkvæmd þeirra verkefna sem kveðið er á um í lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð sem sett er á grundvelli þeirra. Starfssvæði vatnsveitunnar er hið sama og staðarmörk aðildarsveitarfélaganna.

Hlutverk byggðasamlagsins er:

- a) Að annast rekstur vatnsveitu fyrir aðildarsveitarfélögin.
- b) Að ákveða framkvæmd vatnsveitumála á starfssvæði vatnsveitunnar í samræmi við samþykktir sínar og ákvæði laga, þar á meðal að hafa yfirumsjón með uppbyggingu og viðhaldi veitunnar, virkjun vatnsbóla, lagningu vatnsæða, og byggingu annarra mannvirkja sem nauðsynleg kunna að vera til reksturs veitunnar.
- c) Að kappkosta að starfseminni sé ávallt hagað þannig að hún uppfylli ákvæði laga, reglugerða og starfsleyfis um rekstur vatnsveitu.
- d) Að framkvæma gjaldskrárstefnu með þeim hætti að íbúar í sveitarfélögunum og atvinnulíf njóti hagkvæms reksturs.
- e) Að tryggja öryggi og auka sveigjanleika í rekstri vatnsveitu fyrir aðildarsveitarfélögin.
- f) Að stuðla að tæknilegum framförum.
- g) Að haga starfseminni þannig að hún verði ávallt í fararbroddi og sáttt við umhverfið.
- h) Að annast og stuðla að sölu á vatni út fyrir starfssvæði veitunnar til utanaðkomandi aðila.



Til að ná markmiðum sínum er vatnsveitunni heimilt að eignast hlut í öðrum fyrirtækjum sem starfa á sama sviði. Ákvarðanir um hlutafjárkaup skulu þó njóta stuðnings og samþykkis sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna.

4. gr.

Skipan stjórnar

Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð þremur aðalmönnum, tveimur frá Rangárþingi ytra og einum frá Ásahreppi, og skulu þeir kjörnir úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórnunum. Jafnframt skulu skipaðir þrír varamenn úr hópi aðal- eða varamanna í sveitarstjórn. Stjórnarmenn skulu kosnir af sveitarstjórnnum í upphafi hvers kjörtímabils og skal kjörtímabil stjórnarinnar vera hið sama og sveitarstjórnanna. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Sveitarstjórar beggja sveitarfélaganna eiga rétt til setu á fundum stjórnar byggðasamlagsins með málfrelsi og tillögurétt. Sveitarstjóri annars hvors sveitarfélagsins fer með framkvæmdastjórn byggðasamlagsins og tekur stjórnin ákvörðun um hvor það er í upphafi kjörtímabils hennar. Stjórninni er þó heimilt að ráða annan sem framkvæmdastjóra byggðasamlagsins með samþykki sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna.

5. gr.

Stjórnarfundir

Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef löglega hefur verið til hans boðað og meirihluti kjörinna stjórnarmanna er mættur til fundar. Við afgreiðslu mála skulu stjórnarmenn leggja sig fram um að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Ef til atkvæðagreiðslu kemur og atkvæði falla jöfn þá gildir sú regla að atkvæði formanns sker úr. Á það við um hefðbundin viðfangsefni stjórnar og að öllu jöfnu, en óski stjórnarmaður eftir þá ber að vísa viðkomandi úrlausnarefni til sveitarstjórna beggja sveitarfélaganna til umræðu milli stjórnarfunda.

Stjórnin heldur að jafnaði 3-6 fundi á ári. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Fundarboð skal berast stjórnarmönnum og áheyrnarfulltrúum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Boðun funda skal fara fram með rafrænni tilkynningu á netfang fundarmanna. Fundargögn skulu gerð aðgengileg með rafrænum hætti. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem nauðsynleg eru til að fundarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

Hver stjórnarmaður getur krafist aukafundar. Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur sólarhringum eftir að ósk þar um berst formanni stjórnar. Fundarboð vegna aukafundar skal sent svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund.

Aðalmenn bera ábyrgð á boðun varamanna. Stjórnarfundir skulu skráðir og afrit af fundargerðum send sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna.

6. gr.

Fjármál

Allar ákvarðanir stjórnar byggðasamlagsins sem skuldbinda sveitarfélögin skulu hljóta samþykki beggja sveitarstjórna áður en þær taka gildi. Stjórnin getur því ekki skuldbundið aðildarsveitarfélögin umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins sem samþykkt er af báðum sveitarstjórnnum.

Stjórninni ber að skila drögum að fjárhagsáætlun næsta árs til aðildarsveitarfélaganna eigi síðar en 15. október ár hvert þar sem gerð er grein fyrir fjárþörf vatnsveitunnar vegna komandi árs. Með drögum að fjárhagsáætlun skulu jafnframt fylgja drög að gjaldskrá vatnsveitunnar sem samþykkt skal af báðum sveitarstjórnnum í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins.

Tekjur byggðasamlagsins eru framlög sveitarfélaganna eins og þau eru tilgreind í samþykktari fjárhagsáætlun og þjónustutekjur samkvæmt gjaldskrá eða samningum.



Áfangaskýrsla II – Viðræðunefnd Ásahrepps og Rangárþings ytra - 27.11.2015

Stjórnin skal fylgjast með að rekstur vatnsveitunnar sé innan fjárheimilda og bregðast við ef út af ber.

Stjórninni er heimilt að semja við aðildarsveitarfélag um þjónustu við byggðasamlagið, s.s. fjármálalega umsýslu.

Stjórnin staðfestir ársreikninga byggðasamlagsins fyrir ár hvert og miðast reikningsárið við almanaksárið. Reikningar byggðasamlagsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn þess ræður til starfsins með samþykki sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Vinna skal ársreikninga í samræmi við ákvæði laga um bókhald og ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur, skv. 59. gr. laga nr. 138/2011.

Senda skal fullgerðan ársreikning, staðfestan af stjórn byggðasamlagsins og áritaðan af endurskoðanda til beggja aðildarsveitarfélaga fyrir 15. apríl ár hvert.

7. gr.

Endurskoðun samþykta og slit byggðasamlagsins

Samþykktir þessar skulu endurskoðaðar verði breytingar á verkefnum sem byggðasamlagið skal sinna eða á lögum sem um málaflokkinn gilda. Breytingar á samþykktum byggðasamlagsins þarfnast samþykkis beggja sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna á lögmetum sveitarstjórnarfundi.

Hvort sveitarfélag getur sagt upp aðild að byggðasamlaginu með tveggja ára fyrirvara miðað við áramót. Um úrsögn sveitarfélags úr byggðasamlaginu eða slit þess fer að öðru leyti eftir 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

8. gr.

Gildistaka

Samþykktir þessar öðlast gildi við staðfestingu innanríkisráðuneytisins. Falla þá jafnframt úr gildi samþykktir fyrir Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps sem settar voru 10. apríl 2006. Núverandi stjórn heldur umboði sínu til loka yfirstandandi kjörtímabils.

Laugalandi/Hellu dagsetning

Undirskrift sveitarstjórnar Ásahrepps

Undirskrift sveitarstjórnar Rangárþings ytra.

Staðfesting innanríkisráðuneytisins



VIÐAUKI II.3



Áfangaskýrsla II – Viðræðunefnd Ásahrepps og Rangárþings ytra - 27.11.2015

Yfirlesið af Sesselju Árnadóttur og Auðuni Guðjónssyni, kynnt á íbúafundi 31.10 og fjallað um í Samráðsnefnd 4.11 og lagt fram til fyrri umræðu í sveitarstjórnnum 11.11. Lokaskjal lagt fram á fundi samráðsnefndar 1.12.2015 – tilbúið til seinni umræðu í sveitarstjórnnum 9.12.2015

SAMÞYKKTIR

fyrir byggðasamlagið Odda bs.

1. gr.

Samkomulag um byggðasamlag

Sveitarfélögin Ásahreppur, kt. 430169-0339, Laugalandi, 851 Hellu, og Rangárþing ytra, kt. 520602-3050, Suðurlandsvegi 1 – 3, 850 Hellu, hafa samþykkt að stofna byggðasamlag um rekstur leik- og grunnskóla sveitarfélaganna, þ.e. Leikskólann Laugalandi, Heklukot Hellu, Laugalandsskóla og Grunnskólann Hellu.

Heiti byggðasamlagsins er Oddi bs. og er heimili þess og varnarþing í Rangárþingi ytra.

2. gr.

Ábyrgð og eignarhluti

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúatölu. Eignarhluti hvors sveitarfélags er reiknaður samkvæmt ákvæðum 4. gr. samþykktanna.

3. gr.

Verkefni

Byggðasamlagið starfar í umboði sveitarstjórnanna og nær til alls reksturs skólanna að undanskildum fasteignum.

Aðildarsveitarfélögin fela byggðasamlaginu að reka af metnaði og framsækni leik- og grunnskóla sveitarfélaganna í samræmi við gildandi lög um leikskóla og grunnskóla. Stefnt skal að því með markvissum áætlunum og aðgerðum að skólarnir verði í fremstu röð á landinu bæði hvað varðar innra starf og aðbúnað. Til þess að svo megi verða skal stjórn byggðasamlagsins, í samráði við skólastjóra og aðila sem seturétt hafa í fræðslunefnd, hafa forgöngu um að leggja fram í upphafi hvers kjörtímabils sveitarstjórna áætlun til næstu fjögurra ára hvað þetta varðar. Skal hún að frumkvæði stjórnar byggðasamlagsins endurskoðuð og metin árlega í upphafi skólaárs. Í áætluninni skal kveðið á um áherslur í endurmenntun/starfsþróun starfsmanna skólanna með áherslu á að gefa starfsfólki kost á að afla sér starfsréttinda og þeim sem þegar eru með starfsréttindi kost á endurmenntun. Einnig er áhersla á skólaþróun, markviss áform um samvinnu skóla og tengsl við atvinnulífið í sveitafélaginu. Leggja ber áherslu á góðan árangur nemenda, aukinn þroska og gleði af skólagöngunni. Síðast en ekki síst ber að leita leiða til að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem til staðar eru í þessum vel búnu sveitarfélögum til farsældar fyrir börn, ungmenni og þar með alla íbúa sveitarfélaganna.

4. gr.

Rekstrarleg ábyrgð aðildarsveitarfélaganna

Rekstrarleg ábyrgð sveitarfélaganna í byggðasamlaginu er mismikil og byggist á fjölda nemenda í leik- og grunnskólum sveitarfélaganna. Skal ábyrgðin miðast við fjölda nemenda frá hvoru sveitarfélagi í skólunum 1. október ár hvert. Þessi ábyrgð er grundvöllur kostnaðarskiptingar við alla almenna nemendatengda þjónustu sveitarfélaganna. Með nemendatengdri þjónustu er átt við öll útgjöld sveitarfélaganna vegna skólagöngu nemenda,



svo sem allan launakostnað, kostnað vegna námsefnis og annars kennsluefnis, rekstur bókasafna, skólaakstur, húsaleigu, rekstur mótuneyta, aðkeypta sérfræðipjónustu, kostnað vegna vettvangsferða og annað sem með beinum hætti tengist námi nemenda. Þessi útreikningur á ekki við um einstaklingsúthlutanir til nemenda.

5. gr

Skólarnir innan byggðasamlagsins

Stofnun byggðasamlags um rekstur leik- og grunnskóla hefur ekki áhrif á faglegt sjálfstæði skólanna. Stjórn byggðasamlagsins í hlutverki fræðslunefndar ásamt lögbundnum áheyrnarfulltrúum hefur yfirsýn yfir faglegt starf leik- og grunnskóla sveitarfélaganna. Þeir starfa áfram sem sjálfstæðar einingar og sem deildir innan byggðasamlagsins. Þeir starfa eftir eigin skólanámskrá sem byggir á lögum um leik- og grunnskóla og aðalnámskrá hverju sinni ásamt því að fylgja sameiginlegri skólastefnu Ásahrepps og Rangárþings ytra.

Breyting þessi á rekstrarformi leik- og grunnskólanna skal á engan hátt skerða réttindi og skyldur starfsmanna skólanna.

6. gr.

Val um skóla

Stofnun byggðasamlags um rekstur leik- og grunnskóla sveitarfélaganna skal ekki hafa áhrif á heimaskóla barna og ungmenna sveitarfélaganna eins og þeir voru við stofnun byggðasamlagsins (Fylgiskjal 1). Þó gefst foreldrum barna í sveitarfélögum kostur á að velja um skóla innan byggðasamlagsins svo fremi sem aðstæður í skólunum leyfi og ekki komi til aukins kostnaðar vegna nemanda. Skal það gert að höfðu samráði við skólastjóra beggja skólanna hvort sem um er að ræða leik- eða grunnskóla og að öllu jöfnu gengið formlega frá því fyrir 1. maí vegna komandi skólaárs.

7. gr.

Skipan stjórnar

Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð fjórum aðalmönnum, þ.e. oddvitum beggja sveitarfélaganna og tveimur fulltrúum úr byggðaráði Rangárþings ytra. Jafnframt skulu skipaðir fjórir varamenn úr hópi aðal- eða varamanna í sveitarstjórn. Stjórnarmenn skulu kosnir af sveitarstjórnnum í upphafi hvers kjörtímabils og skal kjörtímabil stjórnarinnar vera hið sama og sveitarstjórnanna. Oddviti Rangárþings ytra er formaður stjórnar en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

Sveitarstjórar beggja sveitarfélaganna eiga rétt til setu á fundum stjórnar byggðasamlagsins með málfrelsi og tillögurétt. Sveitarstjóri Rangárþings ytra fer með framkvæmdastjórn byggðasamlagsins.

8. gr.

Stjórnarfundir

Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef löglega hefur verið til hans boðað og meirihluti kjörinna stjórnarmanna er mættur til fundar. Við afgreiðslu mála skulu stjórnarmenn leggja sig fram um að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Ef til atkvæðagreiðslu kemur og atkvæði falla jöfn þá gildir sú regla að atkvæði formanns sker úr. Á það við um hefðbundin viðfangsefni stjórnar og að öllu jöfnu, en óski stjórnarmaður eftir þá ber að vísa viðkomandi úrlausnarefni til sveitarstjórna beggja sveitarfélaganna til umræðu milli stjórnarfunda.

Stjórnin heldur að jafnaði fundi mánaðarlega. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Fundarboð skal berast stjórnarmönnum og áheyrnarfulltrúum þegar það á við eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Boðun funda skal fara fram með rafrænni tilkynningu á netfang fundarnarmanna. Fundargögn skulu gerð aðgengileg með rafrænum hætti.



Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem nauðsynleg eru til að fundarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

Hver stjórnarmaður getur krafist aukafundar. Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur sólarhringum eftir að ósk þar um berst formanni stjórnar. Fundarboð vegna aukafundar skal sent svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund.

Aðalmenn bera ábyrgð á boðun varamanna. Stjórnarfundir skulu skráðir og afrit af fundargerðum send sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna.

Stjórn Odda bs. gegnir hlutverki fræðslunefndar, sbr. 45. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Stjórn byggðasamlagsins getur einnig ákveðið að stofnuð skuli sérstök nefnd til að fara með hlutverk fræðslunefndar á vegum byggðasamlagsins sbr. 45. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Þegar stjórnin fjallar um málefni sem falla undir verkvið fræðslunefndar lögum samkvæmt skulu áheyrnarfulltrúar eiga rétt til setu á fundum stjórnarinnar skv. 4. mgr. 6. gr. laga um grunnskóla og 2. mgr. 4. gr. laga um leikskóla.

9. gr. Fjármál

Allar ákvarðanir stjórnar byggðasamlagsins sem skuldbinda sveitarfélögin skulu hljóta samþykki beggja sveitarstjórna áður en þær taka gildi. Stjórnin getur því ekki skuldbundið aðildarsveitarfélögin umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins sem samþykkt er af báðum sveitarstjórnnum.

Bókhald og reikningsskil byggðasamlagsins skal vera deildaskipt þannig að rekstur hvers skóla sé aðgreindur sem sérstök rekstrareining innan byggðasamlagsins. Allar rekstrartekjur og öll rekstrargjöld sem tilheyra tilteknum skóla skulu færð á viðkomandi deild innan byggðasamlagsins. Ef um er að ræða rekstrartekjur eða rekstrargjöld sem tilheyra fleirum en einum skóla skal skipta þeim liðum með viðeigandi hætti milli deilda.

Aðildarsveitarfélögin veita rekstrarframlög til byggðasamlagsins og skal þeim skipt annars vegar sem framlög til reksturs grunnskóla og hins vegar sem framlög til reksturs leikskóla. Fjárhæð framlaga til hvors skólastigs á ári skal vera jöfn rekstrargjöldum að frádregnum rekstrartekjum viðkomandi skóla á því ári.

Framlög aðildarsveitarfélaganna til hvors skólastigs skiptist milli sveitarfélaganna í hlutfalli við nemendafjölda þann 1. október á reikningsárinu. Við útreikning á skiptingu framlaga milli aðildarsveitarfélaganna vegna reksturs grunnskóla skal miða við heildarfjölda nemenda úr hvoru sveitarfélagi í báðum grunnskólunum. Við útreikning á skiptingu framlaga milli aðildarsveitarfélaganna vegna reksturs leikskóla skal miða við heildarfjölda barngilda úr hvoru sveitarfélagi í báðum leikskólunum.

Skólastjórum skólanna ber að skila drögum að rekstraráætlun næsta árs til stjórnar byggðasamlagsins eigi síðar en 1. október ár hvert þar sem gerð er grein fyrir fjár- og húsnæðisþörf skólanna vegna komandi árs. Stjórnin tekur við drögnum, gerir athugasemdir ef þess gerist þörf og ber síðan að skila drögum að fjárhagsáætlun næsta árs til aðildarsveitarfélaganna eigi síðar en 15. október ár hvert þar sem gerð er grein fyrir fjárþörf byggðasamlagsins vegna komandi árs. Með drögum að fjárhagsáætlun skulu jafnframt fylgja drög að gjaldskrá vegna leik- og grunnskóla sem samþykktar skulu af báðum sveitarstjórnnum í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins.

Tekjur byggðasamlagsins eru framlög sveitarfélaganna eins og þau eru tilgreind í samþykktri fjárhagsáætlun og þjónustutekjur samkvæmt gjaldskrá eða samningum.

Stjórnin skal fylgjast með að rekstur skólanna sé innan fjárheimilda og bregðast við ef út af ber. Eins ber stjórninni að taka tillit til réttmætra erinda frá skólastjórum vegna ófyrirsjáanlegra breytinga sem verða á skólahaldi og útvega aukið rekstrarfé frá aðildarsveitarfélagunum ef svo ber undir.



Áfangaskýrsla II – Viðræðunefnd Ásahrepps og Rangárbings ytra - 27.11.2015

Stjórninni er heimilt að semja við aðildarsveitarfélag um þjónustu við byggðasamlagið, s.s. fjármálalega umsýslu.

Stjórnin staðfestir ársreikninga byggðasamlagsins fyrir ár hvert og miðast reikningsárið við almanaksárið. Reikningar byggðasamlagsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn þess ræður til starfsins með samþykki sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Vinna skal ársreikninga í samræmi við ákvæði laga um bókhald og ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds- og reikningskilavenjur, skv. 59. gr. laga nr. 138/2011.

Senda skal fullgerðan ársreikning, staðfestan af stjórn byggðasamlagsins og áritaðan af endurskoðanda til beggja aðildarsveitarfélaga fyrir 15. apríl ár hvert.

10. gr.

Endurskoðun samþykktar og slit byggðasamlagsins

Endurskoða skal samþykktir þessar að þremur árum liðnum því þá er nokkur reynsla komin á fyrirkomulagið. Einnig skal endurskoða samþykktirnar ef breytingar verða á lögum sem um málaflokkinn gilda. Heimilt er að bregðast við augljósum hnökrum sem kunna að koma í ljós svo fremi sem tillaga um slíkt sé samþykkt af báðum sveitarstjórnnum.

Hvort sveitarfélag getur sagt upp aðild að byggðasamlaginu með tveggja ára fyrirvara miðað við áramót. Um úrsögn sveitarfélags úr byggðasamlaginu eða slit þess fer að öðru leyti eftir 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

11. gr.

Gildistaka

Samþykktir þessar öðlast gildi við staðfestingu innanríkisráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að byggðasamlagið taki til starfa frá og með 1. janúar 2016 og skulu sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna þá hafa kosið fulltrúa í stjórn, sbr. 7. gr. samþykktanna. Þrátt fyrir það gilda samþykktirnar ekki um yfirstandandi skólaár en koma að fullu til framkvæmdar við undirbúning komandi skólaárs. Núverandi fræðslunefnd starfar jafnframt til 31. júlí 2016.

Laugalandi/Hellu dagsetning

Undirskrift sveitarstjórnar Ásahrepps

Undirskrift sveitarstjórnar Rangárbings ytra.

Staðfesting innanríkisráðuneytisins



Fylgiskjal 1. Með samþykktum Odda bs. 9.12.2015

Skilgreining á núverandi heimaskóla:

Grunnskólinn á Hellu er heimaskóli þeirra sem búa á svæðinu frá mörkum sveitarfélagsins í austri að Ytri-Rangá í vestri. Einnig þeirra sem búa í Þykkvabæ, í Bjóluhverfi og á Ægissíðu.

Laugalandsskóli er heimaskóli þeirra sem búa á svæðinu frá mörkum sveitarfélagsins í vestri að Ytri-Rangá í austri að undanskildum þeim sem eiga heimaskóla á Hellu eins og fyrr greinir. Þá er Laugalandsskóli heimaskóli þeirra sem búa í Ásahreppi.



VIÐAUKI II.4



ÞJÓNUSTUSAMNINGUR MILLI ÁSAHREPPS OG RANGÁRÞINGS YTRA

Ásahreppur kt. 430169-0339 og Rangárþing ytra kt. 520602-3050 gera með sér gagnkvæman þjónustusamning sem skilgreindur er og útfærður í skjali þessu.

1. gr.

Skilgreining verkefna

Í samningi þessum er um nokkur verkefni að ræða sem skilgreind eru með eftirfarandi hætti:

a. Frístunda- og sumarverkefni

Rangárþing ytra sér um og rekur ýmis frístunda- og sumarverkefni fyrir yngri kynslóðina. Ásahreppur hefur fullan aðgang að vinnuskóla, sumarnámskeiðum, samfellu og félagsmiðstöð fyrir sín börn og unglunga.

b. Gámaplan

Rangárþing ytra sér um og rekur sameiginlegt gámaplan sveitarfélaganna við Landvegamót þar sem tekið er á mótí flokkuðum úrgangi s.s. pappír, plasti auk heimilssorps.

c. Snjómokstur

Rangárþing ytra sér um skipulag og framkvæmd snjómoksturs í Ásahreppi

d. Rekstur íþróttahúss og sundlaugar

Rangárþing ytra hefur umsjón með rekstri Íþróttamiðstöðvar (íþróttahús og sundlaug) á Laugalandi. Ásahreppur hefur fullan aðgang að Íþróttamiðstöð á Hellu og í Þykkvabæ eftir sömu reglum og íbúar Rangárþings ytra.

e. Holtamannaafréttur

Ásahreppur sér um þau verkefni sem snúa að Holtamannaafrétti þ.m.t. umsjón með fasteignagjöldum, skipulagsmálum og fjallskilamálum

2. gr.

Umfang og greiðslur

Umfang og greiðslur fyrir verkefnin er áætlað í fjárhagsáætlun hvers árs og þar er settur rammi um kostnað við þjónustuna. Sé útlit fyrir veruleg frávik frá áætlun ber aðilum að hafa samráð og afla samþykkis fyrir auknum fjárútlátum. Sveitarstjórar Rangárþings ytra og Ásahrepps hafa umsjón með samningnum.



a. *Frístunda- og sumarverkefni*

Ásahreppur greiðir raunkostnað við þátttöku sinna barna og unglunga í vinnuskóla, sumarnámskeiðum og samfellu og laun sinna sumarstarfsmanna. Þá skipta sveitarfélögin með sér öðrum rekstarakostnaði vinnuskóla í hlutfalli við fjölda þátttakenda í vinnuskólanum frá hvoru sveitarfélagi. Sama á við um þátttöku í sumarnámskeiðum og samfellu. Kostnaði við rekstur félagsmiðstöðvar er skipt hlutfallslega á hvort sveitarfélag miðaða við fjölda barna í sveitarfélögunum á þeim aldri sem mega sækja miðstöðina. Miðað er við fjöldatölur þann 1. desember ár hvert. Fyrir bókhald og aðra fjármálalega umsýslu við ofangreind verkefni er áætluð föst upphæð kr. 285.000 árlega sem skiptist í hlutfalli við íbúafjölda í sveitarfélögunum þann 1. desember á reikningsárinu. Upphæðin er tengd vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu í janúar 2016. Sveitarstjóri Ásahrepps samþykkir reikningana árlega.

b. *Gámaplan*

Ásahreppur greiðir árlega 25% af fjárfestingu og rekstri gámaplans við Landvegamót. Sveitarstjóri Ásahrepps samþykkir reikningana árlega.

c. *Snjómokstur*

Ásahreppur greiðir fyrir umsjón með snjómokstri skv. taxa Þjónustumiðstöðvar Rangárþings ytra fyrir unna tíma. Ber Rangárþingi ytra að halda tímaskýrslu um störfin sem fylgja skal reikningum fyrir þjónustuna. Sveitarstjóri Ásahrepps samþykkir reikningana árlega.

d. *Rekstur íþróttahúss og sundlaugar*

Ásahreppur greiðir fyrir umsjón með rekstri Íþróttamiðstöðvar á Laugalandi og aðgang að Íþróttamiðstöð á Hellu og Þykkvabæ með kostnaðarþátttöku í hlutfalli við íbúafjölda í sveitarfélögunum þann 1. desember á reikningsárinu. Umfang og greiðslur fyrir verkefnin er áætlað í fjárhagsáætlun hvers árs og þar er settur rammi um kostnað við þjónustuna. Fyrir bókhald og aðra fjármálalega umsýslu er áætluð föst upphæð kr. 821.000 árlega sem skiptist í sömu hlutföllum og annar kostnaður eins og áður greinir. Upphæðin er tengd vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu í janúar 2016.

Sveitarstjóri Ásahrepps samþykkir reikningana mánaðarlega.

e. *Holtamannaafréttur*

Samningurinn gerir ráð fyrir að Rangárþing ytra greiði 3/7 af þeim kostnaði sem fellur til við umsjón með Holtamannaafrétti. Fyrir þessa umsýslu er áætluð föst upphæð kr. 626.000 árlega sem skiptist í fyrrgreindum hlutföllum. Upphæðin er tengd vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu í janúar 2016. Sveitarstjóri Rangárþings ytra samþykkir reikningana árlega.



3. gr.

Gildistími

Samningurinn gildir ótímabundið frá og með 1.1.2016 en er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því á fyrsta starfsári nýrrar sveitarstjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum að samningurinn sé tekinn til endurskoðunar. Skal þá skipuð sérstök viðræðunefnd sveitarfélaganna til að yfirfara samstarfið og gera tillögur um breytingar sbr. rammasamkomulag Rangárbings ytra og Ásahrepps.

4. gr.

Önnur atriði

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Mál sem kunna að rísa út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

„Réttarnesi“ 11. desember 2015

f.h. Ásahrepps

f.h. Rangárbings ytra



VIÐAUKI II.5



ÞJÓNUSTUSAMNINGUR MILLI HÚSAKYNNNA BS OG RANGÁRÞINGS YTRA

Húsakynni bs kt. 691200-4690, í samningi þessum nefndur verkkaupi, og Rangárþing ytra kt. 520602-3050, í samningi þessum nefndur verksali, gera með sér svohljóðandi samning:

1. gr.

Skilgreining verkefna

Verksali tekur að sér bókhald, launagreiðslur, áætlanagerð og aðra fjármálaumsýslu fyrir verkkaupa. Þá tekur verksali að sér umsjón með öllum fasteignum verkkaupa og daglegan rekstur þeirra. Einnig tekur verksali að sér umsjón með öllum verklegum framkvæmdum.

2. gr.

Umfang og greiðslur

Umfang og greiðslur fyrir verkefnin er áætlað í fjárhagsáætlun hvers árs og þar er settur rammi um kostnað við þjónustuna. Sé útlit fyrir veruleg frávík frá áætlun ber verksala að hafa samráð við stjórn Húsakynna bs og afla samþykkis fyrir auknum fjárútlátum. Fyrir bókhald og aðra fjármálalega umsýslu greiðir verkkaupi fasta upphæð kr. 1.115.000 árlega. Upphæðin er tengd vísitölu neysliverðs með grunnvísitölu í janúar 2016.

Hvað aðra þjónustu varðar þá gerir samningurinn ráð fyrir að verkkaupi greiði fyrir þjónustuna skv. texta Þjónustumiðstöðvar Rangárþings ytra fyrir unna tíma. Ber verksala að halda tímaskýrslu um störf sín sem fylgja reikningum fyrir þjónustuna. Að jafnaði fer annar hvor sveitarstjóri samstarfssveitarfélaganna með framkvæmdastjórn byggðasamlagsins á hverjum tíma og samþykkir reikningana mánaðarlega.

3. gr.

Gildistími

Samningurinn gildir ótímabundið frá og með 1.1.2016 en er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því á fyrsta starfsári nýrrar sveitarstjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum að samningurinn sé tekinn til endurskoðunar. Skal þá skipuð sérstök viðræðunefnd sveitarfélaganna til að yfirfara samstarfið og gera tillögur um breytingar sbr. rammasamkomulag Rangárþings ytra og Ásahrepps.



Áfangaskýrsla II – Viðræðunefnd Ásahrepps og Rangárbings ytra - 27.11.2015

4. gr.

Önnur atriði

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Mál sem kunna að rísa út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

„Réttarnesi“ 11. desember 2015

f.h. Ásahrepps

f.h. Rangárbings ytra



VIÐAUKI II.6



ÞJÓNUSTUSAMNINGUR MILLI VATNSVEITU RANGÁRÞINGS YTRA OG ÁSAHREPPS BS OG RANGÁRÞINGS YTRA

Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps kt. 480506-0490, í samningi þessum nefndur verkkaupi, og Rangárþing ytra kt. 520602-3050, í samningi þessum nefndur verksali, gera með sér svohljóðandi samning:

1. gr.

Skilgreining verkefna

Verksali tekur að sér bókhald, launagreiðslur, áætlanagerð og aðra fjármálaumsýslu fyrir verkkaupa. Þá tekur verksali að sér umsjón með öllum fasteignum verkkaupa og daglegan rekstur þeirra. Einnig tekur verksali að sér umsjón með öllum verklegum framkvæmdum.

2. gr.

Umfang og greiðslur

Umfang og greiðslur fyrir verkefnin er áætlað í fjárhagsáætlun hvers árs og þar er settur rammi um kostnað við þjónustuna. Sé útlit fyrir veruleg frávík frá áætlun ber verksala að hafa samráð við stjórn og framkvæmdastjóra Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs og afla samþykkis fyrir auknum fjárútlátum. Fyrir bókhald og aðra fjármálalega umsýslu greiðir verkkaupi fasta upphæð kr. 1.397.000 árlega. Upphæðin er tengd vísitölu neysluverðs og miðast við grunnvísitölu í janúar 2016.

Hvað aðra þjónustu varðar þá gerir samningurinn ráð fyrir að verkkaupi greiði fyrir þjónustuna skv. texta Þjónustumiðstöðvar Rangárþings ytra fyrir unna tíma. Ber verksala að halda tímaskýrslu um störf sín sem fylgja reikningum fyrir þjónustuna. Að jafnaði fer annar hvor sveitarstjóri samstarfssveitarfélaganna með framkvæmdastjórn byggðasamlagsins á hverjum tíma og samþykkir reikningana mánaðarlega..

3. gr.

Gildistími

Samningurinn gildir ótímabundið frá og með 1.1.2016 en er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því á fyrsta starfsári nýrrar sveitarstjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum að samningurinn sé tekinn til endurskoðunar. Skal þá skipuð sérstök viðræðunefnd sveitarfélaganna til að yfirfara samstarfið og gera tillögur um breytingar sbr. rammasamkomulag Rangárþings ytra og Ásahrepps.



4. gr.

Önnur atriði

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Mál sem kunna að rísa út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

„Réttarnesi“ 11. desember 2015

f.h. Ásahrepps

f.h. Rangárþings ytra



VIÐAUKI II.7



ÞJÓNUSTUSAMNINGUR MILLI ODDA BS OG RANGÁRÞINGS YTRA

Oddi bs (mun fá kennitölu við stofnun), í samningi þessum nefndur verkkaupi, og Rangárþing ytra kt. 520602-3050, í samningi þessum nefndur verksali, gera með sér svohljóðandi samning:

1. gr.

Skilgreining verkefna

Verksali tekur að sér bókhald, launagreiðslur, áætlanagerð og aðra fjármálaumsýslu fyrir verkkaupa. Þá tekur verksali einnig að sér framkvæmdastjórn og umsjón með starfsmannamálum.

2. gr.

Umfang og greiðslur

Fyrir bókhald og aðra fjármálalega umsýslu, framkvæmdastjórn og starfsmannastjórnun er kostnaður verkkaupa föst upphæð kr. 984.750 á mánuði. Upphæðin er tengd vísitölu neysluverðs og miðast við grunnvísitölu í janúar 2016. Í þeim tilgangi að hægt sé að bera rekstrarkostnað skóla byggðasamlagsins saman við rekstrarkostnað skóla almennt þá fara eiginlegar greiðslur fyrir ofangreinda þjónustu ekki fram milli verksala og verkkaupa heldur greiðir sveitarfélagið Ásahreppur sinn kostnaðarhlut beint til sveitarfélagsins Rangárþings ytra. Kostnaðurinn bókast því ekki í bókhaldi Odda bs. heldur beint í bókhaldi samstarfssveitarfélaganna. Kostnaðarhlutur Ásahrepps er fundinn út með sama hætti og önnur framlög sveitarfélaganna sbr. 9. gr. samþykka fyrir Odda bs. Þannig skiptist kostnaðurinn milli sveitarfélaganna í hlutfalli við nemendafjölda þann 1. október á reikningsárinu og miðast þar við heildarfjölda nemenda úr hvoru sveitarfélagi í báðum grunnskólunum og heildarfjölda barngilda úr hvoru sveitarfélagi í báðum leikskólunum.

3. gr.

Gildistími

Samningurinn gildir ótímabundið frá og með 1.1.2016 en er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því á fyrsta starfsári nýrrar sveitarstjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum að samningurinn sé tekinn til endurskoðunar. Skal þá skipuð sérstök viðræðunefnd sveitarfélaganna til að yfirfara samstarfið og gera tillögur um breytingar sbr. rammaskýrslu Rangárþings ytra og Ásahrepps.



4. gr.

Önnur atriði

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Mál sem kunna að rísa út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

„Réttarnesi“ 11. desember 2015

f.h. Ásahrepps

f.h. Rangárfings ytra



VIÐAUKI II.8



Viðbygging við Lund Samningur um byggingareftirlit

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Lundur kt. 440375-0149, í samningi þessum nefndur verkkaupi, og Rangárþing ytra kt. 520602-3050, í samningi þessum nefndur verksali, gera með sér svohljóðandi samning:

1. gr. Verkefnið

Á framkvæmdatíma viðbyggingar við Hjúkrunar- og dvalarheimilið Lund leggur verksali til forstöðumann þjónustumiðstöðvar Rangárþings ytra sem eftirlitsmann með verktökum sem ráðnir hafa verið til verksins og er hann jafnframt stjórn Lundar til aðstoðar við utanumhald verksins.

Hlutverk eftirlitsmanns er að fylgja því eftir að verk séu unnin í samræmi við almenna viðskiptahætti og útboðsgögn sem nánar er lýst í skriflegum verksamningum milli aðila.

2. gr. Umfang og greiðslur

Samningurinn gerir ráð fyrir að verkkaupi greiði fyrir eftirlitið skv. taxa þjónustumiðstöðvar Rangárþings ytra fyrir unna tíma og ber eftirlitsmanni að halda nákvæma tímaskýrslu um störf sín sem fylgja reikningum fyrir þjónustuna.

3. gr. Gildistími

Samningurinn gildir til 31.12.2015. Fyrir 30.10.2015 skal metið hvort að framlengja skuli samninginn til lengri tíma og almennt er gert ráð fyrir að framlengja megi hann til loka framkvæmda við verkið.

4. gr. Önnur atriði

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Mál sem kunna að rísa út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Hellu 11 des. 2014

f.h. Lundar

f.h. Rangárþings ytra

Staðfest f.h. Ásahrepps



VIÐAUKI II.9



Samstarfssamningur¹um fjarskiptainnviði

Ásaljós, kt: 480615-0770 hér eftir nefnt ÁS og Rangárþing ytra, kt: 520602-3050 hér eftir nefnt RY, gera með sér eftirfarandi samning um sameiginlegt eignarhald og samstarf hvað varðar innviði fjarskipta og notkun þeirra.

1. Markmið.

Meginmarkmið þessa samnings er að nýta fjarskiptainnviði beggja samningsaðila á skynsamlegan hátt til þess að tengja heimili við ljósleiðara óháð sveitafélagsmörkum. Annað meginmarkmið er að samningsaðilar sameinast um framkvæmdir sem þeir annars myndu framkvæma í sitt hvoru lagi og gæta á þann hátt hagkvæmni í framkvæmdum og meðferð opinbera fjármuna.

Meðfylgjandi þessum samningi eru átta fylgiskjöl, merkt 1-8, og teljast þau hluti þessa samningsins.

2. Gildistími og framsal réttinda.

Samningurinn gildir í fimm ár frá dagsetningu þessa samnings eða þar til því sem lýst er í viðhengjum hefur verið fullnægt. Að öðru leyti fer gildistími eftir því sem tilgreint er í hverju fylgiskjali fyrir sig.

Hvorugur aðili getur framselt réttindi eða skyldur samkvæmt samningnum í hendur þriðja aðila umfram það sem lýst er í 5. gr. samnings þessa og í hverju fylgiskjali fyrir sig. Samningurinn skal tekin til endurskoðunar einu sinni á ári ef þess er óskað af öðrum eða báðum samningsaðilum.

3. Þagnarskylda.

Upplýsingar í samningi þessum skal fara með sem trúnaðarmál að því leyti sem það samræmast gildandi lögum á hverjum tíma.

4. Greiðslur.

Um greiðslur vísast til ákvæða í meðfylgjandi fylgiskjölum. Ekki kemur til annarra greiðslna en þar er tilgreint. Tilfallandi kostnaður vegna eftirlits, viðhalds og endurbóta greiðist skv. eignarhluta hvors fyrir sig.

5. Framsal eigna

Þeir fjarskiptainnviðir sem tilgreindar eru í samningi þessum og teljast til sameignar má ekki veðsetja. Vilji annar samningsaðili selja eignir sem að hluta eða heild teljast til sameignar skal hinum boðin eignin til kaups á framkvæmdarkostnaðarverði að viðbættum verðbótum, skv. vísitölu

¹Þetta er ekki endanlegt skjal en sveitarstjórnirnar samþykktu samkomulagið á fundi sínum 10.júní 2015 með fyrirvara um endanlegan yfirllestur ráðgjafa og lögfræðinga sveitarfélaganna.



byggingarverðs miðað við grunnvísitölu í október 2016, og að frádregnum afskriftum. Afskriftartími skal metinn 25 ár og telst frá lokum framkvæmdartíma. Boð um að neyta forkaupsréttar skal sent skriflega og með sannanlegum hætti. Afsal forkaupsréttar skal vera skriflegt og liggja fyrir áður en þriðja aðila er boðin umrædd eign til kaups. Samningsaðilum, og eftir atvikum síðari rétt höfum, er ekki heimilt að veita þriðja aðila afnot af eignum sem teljast til sameignar nema með samþykki meðeiganda.

6. Eftirlit, viðhald, breytingar og viðbætur

Samningsaðilar og eftir atvikum síðari rétt hafa skulu ávallt hafa með sér samstarf um hvers kyns viðhald, breytingar og viðbætur á þeim eignum sem samkvæmt samningi þessu eru í sameign. Ekki er heimilt að breyta eiginleikum séreignahluta innan sameignarhluta.

7. Gildissvið samnings.

Hvorugur samningsaðili á kröfu á hendur hinum ef óviðráðanleg atriði (force majeure) valda því að ekki er hægt að efna samninginn. Samningurinn nær ekki til neins afleidds tjóns sem aðilar geta orðið fyrir.

8. Meðferð ágreiningsmála.

Rísi ágreiningur út af samningi þessum og aðilar ná ekki samkomulagi um ágreiningsefnið skal reka málið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

9. Fylgiskjöl

Eftirtalin skjöl eru fylgiskjöl með samningi þessum og teljast vera hluti af honum:

Fylgiskjal 1 – Tengimiðja í Lagalandi og lögn að vegamótum Landvegar

Fylgiskjal 2 – Lagnaleið frá Laugalandi að Landvegamótum

Fylgiskjal 3 – Þjóðólfshagi og Ásamýri

Fylgiskjal 4 – Kambur og Gíslholt

Fylgiskjal 5 – Arnkötlustaðir

Fylgiskjal 6 – Sandhólaferja

Fylgiskjal 7 – Meiri-Tungu hverfi

Fylgiskjal 8 – Vetleifsholt, Landvegamót að Árbæjarvegi

**Samþykkt á fundi samráðsnefndar með fullskipuðum sveitarstjórnunum
Rangárbings ytra og Ásahrepps þann 10. júní 2015**



Fylgiskjal 1 við Samstarfssamning um fjarskiptainnvíði

Tengimiðja í Laugalandi og lögn að vegamótum Landvegar



Ásaljós



Rangárþing ytra

1. Upplýsingar um umfang verksins

Tengimiðja Ásaljóss verður á Laugalandi. Ásaljós leggur streng frá Laugalandi að Landvegamótum og í fyrsta tengibrunni í kerfi Ásaljóss.

Í frumhönnun RY er fyrirhugað að tengja hátt í 100 heimili að Laugalandi. Í næsta nágrenni við skólann eru 10 heimili innan RY auk þess sem að kerfi RY liggur í báðar áttir meðfram Landvegi frá heimreið að Laugalandi. Samlegðaráhrif felast í að settur yrði (A) brunnur á lagnaleiðina (rauður hringur á mynd) og (B) tvö aukarör lögð frá skóla að brunni. Heimili innan RY við Laugaland gætu, þegar þar að kemur, tengst við þann brunn. Einnig yrði (C) aukarör lagt frá umræddum brunni og að vegamótum heimreiðar að Laugalandi og Landvegar sem nýta mætti fyrir lögn í austurátt þegar þar að kemur. Þar sem tilvonandi (D) tengimiðja er í sameiginlegu húsnæði sveitarfélaganna og út frá hönnun eru álíka mörg heimili sem tengjast miðjunni má leiða líkum að því að helmingaskipting kostnaðar við standsetningu og uppsetningu tengimiðjunnar sé sanngjörn.

2. Eignarhald:

- (A) tengibrunnur er sameign RY og ÁS.
- (B) Tvö aukarör eru séreign RY.
- (C) Aukarör að vegamótum er séreign RY.
- (D) Tengimiðja að Laugalandi er sameignleg og skiptist til helminga.

3. **Framkvæmdartími:** Skv. verkáætlun Ásaljóss (2015).

4. **Framkvæmdaraðili:** Ásaljós

5. **Tekjur og gjöld:** Tekjur og gjöld vegna (A) tengibrunnis og (D) tengimiðju skiptast til helminga milli ÁS og RY. Tekjur og gjöld annarra (B) og (C) er á ábyrgð RY.

6. **Gildistími og framsal:** Skv. ákvæðum 2 og 5 í samningi þessum.

7. **Eftirlit og viðhald með lögn:** RY annast eftirlit og viðhald með sinni séreign. ÁS annast eftirlit og viðhald með sameign (A), (B) og skal kostnaður vegna þessa skiptast til helminga.



Áfangaskýrsla II – Viðræðunefnd Ásahrepps og Rangárþings ytra - 27.11.2015

- 8. Greiðslur:** RY greiðir ÁS 770.000,- +VSK vegna þess sem hér er lýst. Greiðsla fer fram eftir að lögn er frágengin.



Fylgiskjal 2 við Samstarfssamning um fjarskiptainviði

Lagnaleið frá Laugalandi að Landvegamótum



Ásaljós



Rangárþing ytra

1. Upplýsingar um umfang verksins

Ásaljós leggur ljósleiðara að Landvegamótum að Laugalandi. Núverandi hönnun Ásaljóss gerir ráð fyrir einum 288 leiðara streng án viðkomu á leiðinni. Í frumhönnun RY er gert ráð fyrir (A) tveimur tengiskápum á leiðinni. Annarsvegar í átt að Kambi og Ketilsstöðum (alla 13 heimili auk fjölda sumarhúsa) og hinsvegar við Þjóðólshaga/Ásamýri (4 heimili).

Auk þessa er umrædd leið hluti af samtengingu stjórnslubbyggingu á Hellu og Laugalandskóla.

Í stað eins strengs verða lagðir tveir minni. Annar (B) verður áfram „hraðbraut“ að Landvegamótum. Hinn strengur (C) fer um tvo brunna sem staðsettir verða skv. frumhönnun RY og nægjanlegur fjöldi ljósþræða verður í í strengnum til að þjóna íbúum RY á leiðinni auk annarra nota. Strengurinn skiptist í 12 „túpur“ sem hver um sig inniheldur 12 ljósþræði. Eignarhaldi verður skipt eftir túpum.

Hluti umræddra þræða verður hraðbraut á milli tengimiðja kerfanna tveggja og tryggir rekstraröryggi beggja tengimiðja til muna. Hvort félag kemur til með að eiga tiltekinn fjölda þræða á milli tengimiðja enda kann notkun hvors félags að verða misjöfn á þræðunum.

2. Eignarhald:

- a. (A) tengiskápar eru séreign RY.
- b. (B) „hraðbraut“ 144 leiðara strengur er séreign ÁS.
- c. (C) 144 leiðari með viðkomu í tengiskápum. Túpur 8 til 12 skv. ISO11801 eru séreign RY. Túpur 1 til 7 skv. ISO11801 eru séreign ÁS.

3. Framkvæmdartími: Skv. verkáætlun Ásaljóss (2015).

4. Framkvæmdaraðili: Ásaljós

5. Tekjur og gjöld: Skv. eignarhaldi hvors aðila fyrir sig.

6. Gildistími og framsal: Skv. ákvæðum 2 og 5 í samningi þessum.

7. Eftirlit og viðhald með lögn: RY annast eftirlit og viðhald með sinni séreign. ÁS annast eftirlit og viðhald með (B) og (C). Kostnaður skiptist eftir eignarhaldi.



Áfangaskýrsla II – Viðræðunefnd Ásahrepps og Rangárfings ytra - 27.11.2015

- 8. Greiðslur:** Verkið er unnið samhliða útboðsverki ÁS. RY greiðir ÁS 1.752.500,- +VSK vegna þess sem hér er lýst eftir að lögn er frágengin.



Fylgiskjal 3 við Samstarfssamning um fjarskiptainviði

Þjóðólfshagi 1 og Ásamýri



Ásaljós



Rangárþing ytra

1. Upplýsingar um umfang verksins

Ásaljós leggur lögnað Sumarliðabæ frá Þjóðvegi 1 meðfram Þjóðvegi 281.

Skv. frumhönnun RY er áætlað að leggja 1360 metra leið frá Þjóðólfshaga 2/3 að Þjóðólfshaga 1. Þar verði settur tengibrunnur og heimtaugar lagðar að Þjóðólfshaga 1 (170metrar) og Ásamýri (650metrar).

RY greiðir ÁS fyrir það að tengja Þjóðólfshaga 1 og Ásamýri við kerfi ÁS og verða þau hluti af kerfi ÁS og gilda sömu viðskiptaskilmálar um umrædd heimili eins og önnur innan kerfi ÁS.

- 2. Eignarhald:** Lögnin er séreign ÁS.
- 3. Framkvæmdartími:** Gert verður ráð fyrir tengingu umræddra heimila í framkvæmd ÁS. Heimtaugar verða lagðar skv. nánara samkomulagi RY og ÁS.
- 4. Framkvæmdaraðili:** Skv. nánara samkomulagi.
- 5. Tekjur og gjöld:** ÁS hirðir tekjur og ber gjöld vegna heimtauganna eftir að þær eru lagðar.
- 6. Gildistími og framsal:** Gildistími er þar til heimtaug er tilbúin til notkunar. Eftir það er um séreign ÁS er að ræða. Gilda því sömu ákvæði um framsal á umræddrum heimtaugum eins og öðrum hluta kerfis ÁS.
- 7. Eftirlit og viðhald með lögn:** ÁS annast eftirlit og viðhald enda séreign ÁS.
- 8. Greiðslur:** RY greiðir raunkostnað vegna lagningu og frágangs á heimtauginni ásamt samtengingu við kerfi Ásaljóss.



Fylgiskjal 4 við Samstarfssamning um fjarskiptainviði

Kambur og Gíslholt



Ásahreppur



Rangárþing ytra

1. Útskýring á umfangi verksins


Ein af leiðum í kerfi Ásaljóss endar við Herriðarhól. Frá Herriðarhóli eru um 1075 metrar að Kambi. Skv. frumhönnun RY er leiðin að Gíslholti 2800 metrar. Í báðum tilfellum er leiðin á milli Kambs og Gíslholts jafnlöng, eða um 1590 metrar. Með tillögunni er gert ráð fyrir að brunnur sem hannaður er við Gíslholt færirist að Kambi. Því gengur tillagan út á að leggja 1590 metra stofnlögn sem hluti af kerfi ÁS í stað 2800metra stofnlagnar í kerfi RY og tengja bæina tvo.

- 2. Eignarhald:** Lögnin er séreign ÁS.
- 3. Framkvæmdartími:** Gert verður ráð fyrir tengingu umræddra heimila í framkvæmd Ásaljóss. Heimtaugar verða lagðar skv. nánara samkomulagi RY og ÁS.
- 4. Framkvæmdaraðili:** Skv. nánara samkomulagi.
- 5. Tekjur og gjöld:** ÁS hirðir tekjur og ber gjöld vegna heimtauganna eftir að þær eru lagðar.
- 6. Gildistími og framsal:** Gildistími er þar til heimtaug er tilbúin til notkunar. Eftir það erum séreign ÁS er að ræða. Gilda því sömu ákvæði um framsal á umræddum heimtaugum eins og öðrum hluta kerfis ÁS.
- 7. Eftirlit og viðhald með lögn:** ÁS annast eftirlit og viðhald enda séreign ÁS.
- 8. Greiðslur:** RY greiðir raunkostnað vegna lagningu og frágangs á heimtauginni ásamt samtengingu við kerfi Ásaljóss.




Fylgiskjal 5 við Samstarfssamning um fjarskiptainniði

Arnkötlustaðir



Ásaaljós



Rangárþing ytra

1. Útskýring á umfangi verksins

Í núverandi hönnun fyrir RY þarf að leggja 2660 metra heimtaug til þess að tengja Arnkötlustaði við kerfi RY. Frá tengipunkti í kerfi Ásahrepps eru 1016 metrar að Arnkötlustöðum. Því er hagkvæmara að tengja Arnkötlustaði við kerfi ÁS.

2. Eignarhald: Lögnin er séreign ÁS.

3. Framkvæmdartími: Gert verður ráð fyrir tengingu umrætt heimili í framkvæmd Ásaaljós. Heimtaug verður lögð skv. nánara samkomulagi RY og ÁS.

4. Framkvæmdaraðili: Skv. nánara samkomulagi.

5. Tekjur og gjöld: ÁS hirðir tekjur og ber gjöld vegna heimtaugarinnar eftir að hún er lögð.

6. Gildistími og framsal: Gildistími er þar til heimtaug er tilbúin til notkunar. Eftir það er lögnin séreigna ÁS. Gilda því sömu ákvæði um framsal á umræddri heimtaug eins og öðrum hluta kerfis ÁS.

7. Eftirlit og viðhald með lögn: ÁS annast eftirlit og viðhald enda um séreigna ÁS að ræða.

8. Greiðslur: RY greiðir raunkostnað vegna lagningu og frágangs á heimtauginni ásamt samtengingu við kerfi Ásaaljós.




Fylgiskjal 6 við Samstarfssamning um fjarskiptainniði

Sandhólaferja



Ásahreppur



Rangárþing ytra

1. Útskýring á umfangi verksins

Í núverandi frumhönnun í RY er heimtaug að Sandhólaferju 5640 metrar og liggur frá Háfi. Frá tengistað í kerfi Ásaljóss, sem er við Sauðholt, eru 1960 metrar að Sandhólaferju. Því er hagkvæmara að tengja Sandhólaferju við kerfi ÁS.

2. Eignarhald: Séreign ÁS.

3. Framkvæmdartími: Gert verður ráð fyrir tengingu við Sandhólaferju í framkvæmd Ásaljóss. Heimtaug verða lögð skv. nánara samkomulagi RY og ÁS.

4. Framkvæmdaraðili: Skv. nánara samkomulagi.

5. Tekjur og gjöld: ÁS hirðir tekjur og ber gjöld vegna lagnarinnar eftir að hún er lögð.

6. Gildistími og framsal: Gildistími er þar til heimtaug er tilbúin til notkunar. Eftir það er um séreign ÁS er að ræða. Gilda því sömu ákvæði um framsal á umræddri heimtaug eins og öðrum hluta kerfis ÁS.

7. Eftirlit og viðhald með lögn: ÁS annast eftirlit og viðhald enda um séreign ÁS að ræða.

8. Greiðslur: RY greiðir raunkostnað vegna lagningu og frágangs á heimtauginni ásamt samtengingu við kerfi Ásaljóss.




Fylgiskjal 7 við Samstarfssamning um fjarskiptainnviði

Meiri-Tunga hverfi



Ásahreppur



Rangárþing ytra

1. Útskýring á umfangi verksins

Innan kerfis Ásahrepps eru um 1900 metrar frá Áshóli yfir að Berustöðum. Um þá leið má tengja heimili við Ásveg. Frá Landvegamótum eru um 1000 metrar að Meiri-Tungu og 1800 metrar frá Meiri-Tungu að Skammalæk sem er einnig valmöguleiki sem ÁS hefur til þess að tengja heimili við Ásveg. Það eru þó kerfislegt hagræði að tengja heimili við Ásveg frá Landvegamótum fyrir Ásahrepp. Með því að settur yrði (A) brunnur í Meiri-Tungu hverfið og hafður nægjanlegur forði ljósleiðarabráða í þeim (B) streng sem þar fer um, er stofnkerfi RY tilbúið til þess að tengja heimili í Meiri-Tungu hverfinu og Reiðholt.

2. Eignarhald:

- a. (A) Brunnur/tengiskápur er sameign RY og ÁS.
- b. (B) 144 leiðari frá Landvegamótum að Meiri-Tungu. Túpur 8 til 12 skv. ISO11801 eru séreign RY. Túpur 1 til 7 skv. ISO11801 eru séreign ÁS. Strengur sem einnig er sameign.

3. Framkvæmdartími: Skv. verkáætlun Ásaljóss (2015).

4. Framkvæmdaaðili: Ásaljós

5. Tekjur og gjöld: Tekjur og gjöld vegna (B) skiptast skv. séreign hvors aðila. Tekjur og gjöld vegna (A) falla til hjá RY.

6. Gildistími og framsal: Skv. ákvæðum 2 og 5 í samningi þessum.

7. Eftirlit og viðhald með lögn: RY annast eftirlit og viðhald á (A) brunni. ÁS annarst eftirlit og viðhald á (B) streng frá Landsvegamótum að Meiri-Tungu.

8. Greiðslur: RY greiðir ÁS 585.500,- +VSK vegna þess sem hér er lýst. Greiðsla fer fram eftir að lögn er frágengin.



Fylgiskjal 8 við Samstarfssamning um fjarskiptainviði


Vetleifsholt, Landvegamót að Árbæjarvegi

1. Útskýring á umfangi verksins


Tillagan gengur út á það að sveitarfélögin sameini krafta sína til þess að koma á tengingu á milli Laugaland og Hellu á sem hagkvæmastan hátt. Slík tenging styrkir bæði kerfi til muna og eykur öryggi fjarskipta innan kerfisins.

Í eftirfarandi verkefni er miðað við eftirfarandi forsendur:

- a. RY setur upp tengimiðju í stjórnarsýsluhúsi á Hellu, tengir hana við sírstöð á Hellu, setur brunn við Arionbanka, tengikassa við tengivirki Landsnets á Hellu og leggur fjarskiptarör frá þeim kassa og að bænum Bjargi við Árbæjarveg samhliða framkvæmdum RARIK og Landsnets. Sú leið er í fullu samræmi við núverandi frumhönnun RY.
- b. Ásahreppur leggur sitt kerfi um Meiri-Tungu og að Landvegamótum í samræmi við „Verkefni 7“ hér að ofan.




i. Rangárþing ytra



Ásaljós

Innan Ásahrepps eru heimilin Kastalabrekka, Vetleifsholt, Rifshalakot og Ráðagerði. Ásahreppur fyrirhugar að tengja þau heimili frá Hellatúni, 4025 metra leið.



(A) Ljósleiðari verði lagður samhliða lögn RARIK frá Þjóðvegi 1, meðfram Vetleifsholtsvegi að Ráðagerði í stað þess að leggja ljósleiðara frá Hellatúni. Leiðin er



Áfangaskýrsla II – Viðræðunefnd Ásahrepps og Rangárþings ytra - 27.11.2015


um 3600 metrar en vegna samlegðar við RARIK verður þessi lögn afar hagkvæm. Brunnur verði settur við enda leiðarinnar við Þjóðveg 1.

(B) Ljósleiðararör og strengur verður lagður frá umræddum brunni við Bjarg (1040metrar) um Rauðalæk og að tengibrunni við Meiri-Tungu (6000 metrar).

Kostir: Samtenging tengimiðja í kerfi RY verður til staðar. Grunnur er lagður að tengingu 27 heimila í RY, þ.e. heimili við Rauðalæk, Syðri-Rauðalæk, Litlu-Tungu, Fet, Brekku og Lyngás. Fyrir Ásahrepp er mikill styrkur í samtengingu við sírstöð á Hellu. Einnig verður samtenging skóla á Hellu og Laugalandi möguleg innan kerfisins.



Kerfi Rangárþings ytra af svæðinu



Hönnun Ásaljóss (forsendu 2 að ofan)

2. Eignarhald:

- a. (A) Lögn frá Vettleifsholti að Þjóðvegi 1 er sameign og skiptist til helminga.
- b. (B) 96 leiðara strengur frá Bjargi að Meiri-Tungu verður sameign þar sem séreign SA eru túpur 1 og 2 skv. ISO11801 en séreign RY túpur 3 til 8 skv. ISO11801.
- c. Í streng RY frá Bjargi að tengimiðju á Hellu og frá tengimiðju að Hellu að sírstöð Hellu eru túpur 1 og 2 séreign ÁS.

3. **Framkvæmdartími:** Skv. verkáætlun Ásaljóss (2015).

4. **Framkvæmdaaðili:** Ásaljós

5. **Tekjur og gjöld:** Tekjur og gjöld skiptast skv. séreign hvors aðila.

6. **Gildistími og framsal:** Skv. ákvæðum 2 og 5 í samstarfssamningi aðila..

7. **Eftirlit og viðhald með lögn:** RY annast eftirlit og viðhald.

8. **Greiðslur:** RY greiðir ÁS 4.938.100,- +VSK vegna þess sem hér er lýst. Greiðsla fer fram eftir að lögn er frágengin.



VIÐAUKI II.10



Áfangaskýrsla II – Viðræðunefnd Ásahrepps og Rangárbæings ytra - 27.11.2015

Sveitarfélagið Rangárbæing ytra, kt. 520602 -3050, sveitarfélagið Ásahreppur, kt. 430169- 0339, hér eftir nefnd sveitarfélögin, og Oddasókn, kt. 490269-3049, gera með sér svofelldan samning:

**Styrktarsamningur
vegna menningar-, mannúðar- og félagsstarfs**

1. gr.

Styrktarsamningi þessum er ætlað að efla menningarstarf og félagsstarf eldri borgara í Rangárvallasýslu og jafnframt styðja Oddasókn í kaupum á húsnæði á Dynskálum 8a Hellu.

2. gr.

Sóknarnefnd Oddasóknar leggur til húsnæði fyrir viðurkennt félagsstarf í sveitarfélögunum, á sviði menningar- og mannúðarmála og til félagsstarfs eldri borgara. Húsnæðið er í eigu Oddasóknar og stendur við Dynskála 8 á Hellu.

3. gr.

Félagssamtök í sveitarfélögunum, sem gert hafa samning við Oddasókn skv. 8. gr., fá aðgang að húsnæði Oddasóknar, til félagsstarfs, æfinga og fundahalda, í samráði við forstöðumann hússins. Oddasókn sér alfarið um rekstur húsnæðisins, nauðsynlegar breytingar og viðhald.

4. gr.

Samráðsfundir skulu haldnir, þegar þurfa þykir, þar sem framkvæmdastjórar sveitarfélaganna og sóknarprestur funda. Einu sinni á ári fundar þessi hópur með forsvarsmönnum allra þeirra félaga sem aðstöðuna nýta.

5. gr.

Félagasamtökum þeim sem húsið nýta stendur til boða að nýta sér geymsluskápa í húsnæðinu. Skáparnir verða læstir og munu eingöngu forsvarsmenn félaganna hafa aðgang að þeim. Sóknarnefnd Oddasóknar tekur ákvörðun um hvernig skápar verða settir upp. Ekki verður um annað geymslurými að ræða í húsnæðinu. Í samráði við forstöðumann hússins og eftir því sem húsrúm leyfir verður hægt að geyma hluti sem notendur hússins munu hafa aðgang að, s.s. söngpallar, hljóðkerfi og hljóðfæri.

6. gr.

Huga þarf sérstaklega að aðstöðu og geymslurými fyrir föndurstarf eldri borgara. Brennsluofn, tengdur föndurvinnu, verður í húsnæðinu og skal sérstaklega huga að loftræstingu þegar hann er í gangi. Miðað er við að brennsluofn sé í gangi yfir nætur, þegar það ávið.

7. gr.

Héraðsnefnd Rangæinga leggur til starfsmann fyrir tómskundastarf eldri borgara í samræmi við fjárheimildir nefndarinnar ár hvert. Sveitarfélögin munu ekki leggja til fjármagn þar fyrir utan en félagi eldri borgara skal þó heimilt að ráða starfsmann í félagsstarfið á eigin kostnað.



8. gr.

Almennt er miðað við að starfsemi þeirra félaga sem nýta húsið fari fram í miðri viku, þ.e. frá mánudegi til föstudags aðbáðum dögum meðtöldum. Félagsstarf eldri borgara fer að jafnaði fram á tímabilinu 9.00 – 16.00 og menningarstarf annað að jafnaði frá kl. 16.00 – 23.00. Þessar tímasetningar geta breyst í samráði við forstöðumann hússins. Oddasókn skal gera skriflegan samning við þau félög sem nýta sér aðstöðuna. Engin þóknun skal greidd af hendi félaganna fyrir þessa aðstöðu en uppfylla þarf ákveðin skilyrði skv. samningi þessum, s.s. umgengisreglur og þátttöku í menningardegi sem haldinn verður til styrktar húsnæðinu. Það fjármagn sem safnast inn með þátttöku í slíkum menningardegi og hugsanlegum öðrum styrktarupþákomum skal að fullu varið til endurbóta á Dynskálum 8.

9. gr.

Styrktarsamningurinn felur í sér greiðslu frá sveitarfélögunum til Oddasóknar að fjárhæð kr. 175.000,- fyrir hvern mánuð samningstímans. Greiðslufjárhæðin uppfærast tvisvar á ári, í janúar og júlí, fyrst í janúar 2016, miðað við byggingavísitölu. Grunnvísitala er byggingavísitala í júlí 2015, 123,8 stig. Fjárhæðin skiptist hlutfallslega á milli sveitarfélaganna miðað við íbúafjölda og skal miða við upplýsingar frá Hagstofu 1. desember ár hvert fyrir næsta almanaksár. Íbúafjöldi í Rangárbingi ytra 1. des. 2014 var 1545 og í Ásahreppi 216 eða 88% í Rangárbingi ytra á móti 12% í Ásahreppi. Ekki verða veittir styrkir vegna fasteignagjalda húsnæðisins á meðan samningur þessierígildi.

10. gr.

Samningurinn þessi gildir ótímabundið frá og með 01.09.2015. Hver samningsaðila getur sagt samningnum upp eða óskað endurskoðunar á honum með 12 mánaða fyrirvara.

11. gr.

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hver samningsaðili sínu eintaki.

Hellu, 7 ágúst 2015

f.h. Oddasóknar

f.h. Rangárbings ytra

f.h. Ásahrepps

Íris Björk Sigurðardóttir
Formaður

Ágúst Sigurðsson
sveitarstjóri

Nanna Jónsdóttir
sveitarstjóri